


## LANDBÓT - þróun smádýrasamfélaga

Guðmundur Halldórsson<sup>1</sup>, Brynjólfur Sigurjónsson<sup>2</sup>,  
Járngerður Grétarsdóttir<sup>3</sup> og Jón Ágúst Jónsson<sup>4</sup>

<sup>1</sup>Rannsóknastöð Skógræktar Mógilsá, <sup>2</sup>Hagstofa Íslands, <sup>3</sup>Rannsóknastofnun  
landbúnaðarins, <sup>4</sup>Háskóli Íslands, líffræðiskor

Landbótarverkefnið byggir á tvenns konar nálgun, annars vegar samanburði á eldri uppgræðslu- og skógræktarsvæðum með þekktu sögu en hinsvegar samanburði á nýjum uppgræðslusvæðum þar sem beitt er mismunandi meðferðum. Tilraunareitir eru í nágrenni Gunnarsholts á Rangárvöllum (1. mynd). Eldri uppgræðslureitirnir voru græddir upp á árunum 1945 (birki), 1978 (eldra gras) og 1996 (lúpína). Yngra svæðið var grætt upp 1999. Smádýrum hefur verið safnað í fallgildirur á eldri og yngri uppgræðslusvæðum en einnig í asparreit og túni. Tegundafjölbreytni í reitum þar sem beitt hefur verið mismunandi uppgræðsluáferðum er borin saman. Verulegur munur reyndist vera á fjölda og samsetningu smádýrategunda á mismunandi uppgræðslusvæðum.



**1. mynd.** Uppgræðslureitir við Gunnarsholt. Ljósgrátt svæði; yngri reitir á Geitasandi. Dökkgrá svæði; eldri uppgræðslureitir.